



JAFNRÉTTISTEFNA SHS

Jafnréttistefna þessi er sett á grundvelli laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynja innan SHS og að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun stofnunarinnar. Stefnan er einnig sett í þeim tilgangi að mannauður SHS njóti sín í starfi og nýtist sem best.

Mannauðsstjóri hefur eftirlit með framkvæmd og endurskoðun jafnréttisstefnunnar og skal hún metin og endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ábendingum og tillögum varðandi stefnuna skal koma á framfæri við mannauðsstjóra.

Í STEFNUNNI FELST AÐ:

- Allir starfsmenn SHS hafa jafnan rétt innan stofnunarinnar, óháð kynferði, kynhneigð, aldri, trúarskoðunum, stjórnámálaskoðunum, þjóðerni og uppruna. Mismunun er með öllu óheimil í hvaða formi sem hún birtist.
- Starfsmenn SHS eru metnir á eigin forsendum og njóta sömu tækifæra.
- Stuðla skal að því að sem mest samræmi ríki milli vinnu og einkalífs hjá starfsfólki óháð kynferði en með hliðsjón af starfsemi SHS
- Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið við ráðningar og tilfærslu í starfi.
- Launajafnrétti skal ríkja hjá stofnuninni og jafnræðis gætt við kjarabreytingar.
- Gætt skal að jafnréttissjónarmiðum við ákvarðanir um endurmenntun og námsleyfi.
- Kynferðisleg áreitni, sem og önnur áreitni eða einelti er ekki liðin hjá SHS og ber að tilkynna strax til mannauðsstjóra.

FRAMKVÆMD STEFNU:

- Laus störf innan SHS skulu standa opin öllum sem uppfylla hæfniskröfur og í auglýsingum skal hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um.
- Í ráðningarviðtölum skal þess gætt að sambærilegar spurningar sé lagðar fyrir alla umsækjendur.
- Almennt skal leitast við að jafna hlut kynja í störfum innan SHS. Þó þarf að hafa í huga að kynjaskipting innan SHS verður ójöfn svo lengi sem karlar sækja fremur í þau störf en konur.
- Við úthlutun verkefna og tilfærslur í störfum skal þess gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað á neinn hátt.
-



- Kynna skal störf SHS með skipulögðum hætti, til að mynda á vettvangi leik- og grunnskóla.
- Við ákvörðun launa og annarra starfskjara skal þess gætt að starfsmönnum í sambærilegum störfum sé ekki mismunað. Bregðst skal skjótt við og leiðrétta ef slík tilvik koma upp.
- Gætt verður að jafnréttissjónarmiðum við ákvarðanir um endurmenntun og námsleyfi.
- Beina skal málum sem upp koma í ákveðinn farveg sem starfsmenn eru upplýstir um og setja skal meðferð mála skýr tímamörk.
- Veita skal starfsfólki leiðsögn í að greina einelti eða kynferðislega áreitni svo bregðast megi við slíkum aðstæðum ef þörf krefur.
- Framkvæma skal skoðanakannanir til að kanna líðan starfsmanna með það að markmiði að greina vandann og bregðast við eins fljótt og auðið er.

ÁBYRGÐ:

Ábyrgð á að framfylgja jafnréttisstefnu SHS er hjá mannauðsstjóra sem heyrir undir forstjóra. Þó bera yfirmenn sviða og deilda ábyrgð á að ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé framfylgt innan þeirra eininga.

Mannauðsstjóri skal sjá til þess að fylgt sé markmiðum og aðgerðum SHS í jafnréttismálum eins og þau birtast í jafnréttisáætlun. Mannauðsstjóri er jafnframt ráðgjafi starfsmanna og stjórnenda í jafnréttismálum. Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt öllum starfsmönnum og þeim leiðbeint hvert þeir geti leitað með einstök mál.

ENDURSKOÐUN:

Jafnréttisáætlun SHS skal endurskoðuð eigi sjaldnar en annað hvert ár og árangur hennar metinn. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á þeirri endurskoðun.